



FUNDARGERÐ



LANDBÚNAÐARNEFND DJÚPAVOGSHREPPS

Fundur var haldinn í landbúnaðarnefnd Djúpavogshrepps að Bakka 1, Djúpavogi, mánudaginn 21. ágúst 2017 kl. 15:00. Fundinn sátu Guðný Gréta Eyþórsdóttir varaformaður, Guðmundur Valur Gunnarsson og Gautur Svavarsson. Einnig Gauti Jóhannesson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. GGE stjórnaði fundi. Dagskrá var eftirfarandi:

1. Skipan fjallskilastjóra, niðurröðun dagsverka og dagsetninga
2. Réttir
3. Vegslóðar

1. Skipan fjallskilastjóra, niðurröðun dagsverka og dagsetninga.

- a) Ákvörðun um fjallskilastjóra í Djúpavogshreppi haustið 2017.

Steinþór Björnsson, Hvannabrekku
Baldur Gunnlaugsson, Borgargarði
Guðmundur Eiríksson, Starmýri I

Svæði: Gamli Beruneshreppur.
Svæði: Gamli Búlandshreppur.
Svæði: Gamli Geithellahreppur.

- b) Ákvörðun um vinnuframlag vegna fjallskila hjá bændum, fjárlausum bændum / fjárlausum landeigendum haustið 2017 í samræmi við V. kafla fjallskilareglugerðar fyrir Múlasýslur nr. 9/2006.

Nefndin undirstrikar að þótt jarðeigendur eigi ekkert fé á sínu landi beri þeim samt skylda til að taka þátt í fjallskilum, annað hvort með vinnuframlagi eða greiðslu, sbr. ákvæði í 13. gr. fjallskilasamþykktar fyrir Múlasýslur, svohljóðandi:

“Eigi síðar en tveimur vikum fyrir fyrstu löggöngu, skal sveitarstjórn hafa lokið við að ákveða gangnadaga og raða niður gangnadagsverkum, í afréttir, upprekstrarheimalönd og önnur ógirt heimalönd, og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði, á fjáreigendur í fjallskiladeildinni. Raða skal dagsverkum niður eftir fjártölu hvers fjáreiganda. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða. Sveitarstjórn er einnig heimilt að leggja gangnadagsverk á fjárlausu bændur vegna fjárskipta, eyðibýlaeigendur og aðra bændur í fjallskiladeildinni. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórnar.

Hver bóndi eða jarðeigandi, hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að taka þátt í smölun síns heimalands þegar sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eða umráðamenn eyðijarða, þó þeir eigi þar ekki

fjár von. Samhliða göngum skulu eigendur afgirtra heimalanda smala þau lönd og gera full skil á því fé sem þar er”.

Sé tilskildum fjölda dagsverka ekki skilað ber hlutaðeigandi að gr. kr. 25.000.- í fjallskilasjóð fyrir hvert dagsverk, sem upp á kann að vanta á fulla mætingu og 1,5 falda þá fjárhæð, láti hlutaðeigandi ekki vita með minnst 24 klst. fyrirvara að hann óski eftir að gangnaforingi/fjallskilastjóri ráði smalamann / -menn fyrir sig gegn greiðslu.

Þar sem margar jarðir ná yfir mun stærra svæði en heimalöndin, er það mat landbúnaðarnefndar að fjáreigendur, ásamt fjallskilastjórum, beri ábyrgð á smölnun þess lands, sem ekki telst heimaland. Landbúnaðarnefnd telur eðlilegt að fjárbændur leggi til menn í þær landareignir (aðrar en eigin) **sem líklegt er að þeir eigi fjár von. Einu dagsverki skal skila fyrir hverjar 30 kindur eða þar um bil.**

Landbúnaðarnefnd áréttar að frá og með Berufirði til og með Urðarteigi, í landi Hamars og Hamarssels og í löndum sunnan Stórhóls verði ekki raðað niður í dagsverk, enda hefur fyrirkomulag fjallskila á þessum svæðum verið ágreiningslaust.

Með vísan til framangreinds samþykkir landbúnaðarnefnd samhljóða að boða alla hlutaðeigandi; þ.e. bændur og/eða eigendur/umráðamenn fjárlausra jarða í Djúpavogshreppi í smalamennsku haustið 2017 sem hér greinir, raðað niður eftir svæðum:

FYRRI GANGA:

16. sept. Skáli, utan við Skálakletta, Gautavík, Fagrihvammur, Þiljuvellir, Karlsstaðir og Berunes. Réttað á Berunesi og Krossgerði
Gangnaforingi: Sigurður Hjaltason ásamt fleirum

Karlsstaðir	2 dagsverk
Berunes 1	1 dagsverk
Berunes 2	3 dagsverk
Þiljuvellir	1 dagsverk
Kross	4 dagsverk
Gautavík	2 dagsverk
Fagrihvammur	2 dagsverk

16. sept. Hvannabrekka, Kelduskógar og Skáli innan við Skálakletta. Réttað í Reiðsundi og Kelduskógum.
Gangnaforingi: Steinþór Björnsson

Hvannabrekka	2 dagsverk
Berufjörður	2 dagsverk
Kelduskógar	3 dagsverk

16. sept. Ytri hluti Múladals. Réttað á Múla.
Gangnaforingi: Marteinn Gíslason.

Múlabæir	4 dagsverk
Stórhóll	1 dagsverk

16. sept. Rannveigarstaðir, Staðarfjall, Hærुकollsnes og Oddar. Réttað á Rannveigarstöðum.

Gangnaforingi: Magnhildur Pétursdóttir

Rannveigarst.	3 dagsverk
Hærुकollsnes	1 dagsverk
Stórhóll	1 dagsverk
Hof	2 dagsverk
Torfi Sigurðsson	1 dagsverk

16. sept. Geithellnadalur. Réttað á „Nesjarétt“

Gangnaforingi: Rúnar Gunnarsson.

Geithellnar 1	1 dagsverk
Geithellnar 2	2 dagsverk
Kambsel	2 dagsverk (G1, G 2 og K = v/ upprekstur Blábj. og Hnaukar)
Blábjörg	1 dagsverk

16. sept. Jökulfell og Tunguafrétt.

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Stórhóll	3 dagsverk
Torfi Sigurðsson	3 dagsverk

17. sept. Innri hluti Múladals. Réttað á Múla.

Gangnaforingi: Marteinn Gíslason

Múlabæir	4 dagsverk
Stórhóll	1 dagsverk

17. sept. Geithellnadalur, utan Hákonarár. Réttað á Blábjörgum.

Gangnaforingi: Stefán Gunnarsson.

Geithellnar 1	1 dagsverk
Geithellnar 2	1 dagsverk
Blábjörg	3 dagsverk

17. sept. Tunga. Réttað á Stórhól eða Hofi.

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	6 dagsverk
Stórhóll	6 dagsverk

23. sept. Krossdalur, beggja megin ár. Réttað í Krossgerði.

Gangnaforingi: Gunnar Sigurðsson

Kross	6 dagsverk
Krossgerði 1	3 dagsverk
Krossgerði 2	1 dagsverk
Fossgerði	1 dagsverk
Steinaborg	1 dagsverk

23. sept. Hofsdalur og Hofsbót (inndalur, rekið í náttuga við Timburás).
Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	3 dagsverk
Stórhóll	3 dagsverk
Hof	2 dagsverk

23. sept. Bragðavalladalur að Jökulgili.
Gangnaforingi: Guðmundur Valur Gunnarsson

Áhugasamur	1 dagsverk
------------	------------

26. sept. Bragðavalladalur frá Jökulgili að Snædalsöxl og Snædalur. Réttað á Bragðavöllum.

Gangnaforingi: Ragnar Eiðsson

Bragðavellir	2 dagsverk
Hamarssel	1 dagsverk
Blábjörg	4 dagsverk

24. sept. Flugustaðadalur. Réttað á Stórhól.

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	3 dagsverk
Stórhóll	4 dagsverk
Flugustaðir	1 dagsverk

24. sept. Núpssand. Réttað á Núpi.

Gangnaforingi: Björgvin Gunnarsson.

Núpur	1 dagsverk
Kross	1 dagsverk

24. sept. Hofsdalur (ytri hluti, réttað á Hofi).

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	3 dagsverk
Stórhóll	3 dagsverk

30. sept.. Allur Búlandsdalur og Hálsströnd. Réttað í Hálsrétt.

Gangnaforingi: Guðmundur Valur Gunnarsson

Lindarbrekka	4 dagsverk
Hamarssel (Flötufjöll 1)	4 dagsverk

Fjáreig. DPV 5 dagsverk (Baldur Gunnlaugsson = 3, Baldur Sigurðsson = 1, Kristinn Pétursson = 1).

SÍÐARI GANGA:

7. okt. Innri hluti Múladals. Réttað á Múla.

Gangnaforingi: Marteinn Gíslason.

Múlabæir	3 dagsverk
Stórhóll	1 dagsverk

7. okt. Geithellnadalur. Réttað á „Nesjarétt“ / „Landrétt“.
Gangnaforingi: Rúnar Gunnarsson.

Geithellnar 1	1 dagsverk (v/ upprekstur Blábjörg og Hnaukar)
Geithellnar 2	2 dagsverk (v/ upprekstur Blábjörg og Hnaukar)
Blábjörg	1 dagsverk

7. okt. Skáli, Gautavík, Fagrihvammur, Piljuvellir, Berunes, Karlsstaðir og Krossdalur. Réttað í Krossgerði og jafnvel víðar.

Gangnaforingi: Sigurður Hjaltason

Berunes 2	2 dagsverk
Kross	4 dagsverk
Krossgerði 1	2 dagsverk
Skáli	2 dagsverk

7. okt. Hvannabrekka og Kelduskógar. Réttað í Hvannabrekku. (og jafnvel víðar).

Gangnaforingi: Stefán Ingólfsson

Kelduskógar	1 dagsverk
Berufjörður	1 dagsverk
Hvannabrekka	1 dagsverk

7. okt. Hofsdalur (inndalur) smalað í nátthaga við Timburás.

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	4 dagsverk
Stórhóll	4 dagsverk

7. okt. Bragðavalladalur að Mjósundafellum.

Gangnaforingi: Gautur Svavarsson

Bragðavellir	1 dagsverk
Hamarssel	1 dagsverk

8. okt. Ytri hluti Múladals. Réttað á Múla.

Gangnaforingi: Marteinn Gíslason

Múlabæir	4 dagsverk
----------	------------

8. okt. Núpsland. Réttað á Núpi.

Gangnaforingi: Björgvin Gunnarsson.

Núpur	1 dagsverk
Kross	1 dagsverk

8. okt. Bragðavalladalur frá Mjósundafellum að Snædalsöxl og Snædalur

Gangnaforingi: Stefán Gunnarsson

Hamarssel	1 dagsverk
Blábjörg	3 dagsverk

8. okt. Hofsdalur (útdalur), Rannveigarstaðir, réttað á Hofi.

Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson	4 dagsverk
Stórhóll	5 dagsverk
Rannveigarstaðir	1 dagsverk

9. okt. Geithellnadalur, utan Hákonarár. Réttað á Blábjörgum.
Gangnaforingi: Stefán Gunnarsson.

Geithellnar 1 & 2 1 dagsverk
Blábjörg 3 dagsverk

9. okt. Rannveigarstaðir. Réttað á Rannveigarstöðum.
Gangnaforingi: Magnhildur Pétursdóttir

Rannveigarst. 1 dagsverk
Stórhóll 1 dagsverk

9. okt. Allur Búlandsdalur og Hálsströnd. Réttað í Hálsrétt.
Gangnaforingi: Guðmundur Valur Gunnarsson

Lindarbrekka 3 dagsverk
Hamarssel 2 dagsverk
Fjáreig. DPV 2 dagsverk (Ákveðist af gangnaforingja)

14. okt. Tunga. Réttað á Stórhól.
Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson 5 dagsverk
Stórhóll 4 dagsverk

15. okt. Flugustaðadalur sunnan ár. Réttað á Stórhól.
Gangnaforingi: Guðmundur Sigurðsson

Torfi Sigurðsson 3 dagsverk
Stórhóll 3 dagsverk
Flugustaðir 1 dagsverk

Ákvörðun um greiðslur.

Landbúnaðarnefnd samþykkir að inntar verði af hendi fastar greiðslur fyrir hvert dagsverk sem gangnaforingjar þurfa að manna, eða kr. 25.000 sbr. bókun í lið 1 b) hér að framan. Orlof er innifalið. Gangnaforingjar skulu ráða gangnamenn að höfðu samráði við fjallskilastjóra, sem skrifar upp á dagsverk vegna þeirra fjallskila er greiða þarf. Að öðru leyti verði ekki um greiðslu að ræða. Fjár- og landeigendur eru minntir á þá skyldu sína að tilkynna til gangnaforingja geti þeir ekki útvegað gangnamenn.

2. Réttir

Nefndin minnir á að mikilvægt er að farið sé yfir og viðhaldi sinnt á fjárréttum í sveitarfélaginu áður en göngur hefjast.

3. Vegslóðar

Nefndin beinir þeim tilmælum til landeigenda að þeir standi ekki í vegi fyrir endurbótum á vegslóðum inn til dala til að létta aðgengi vegna smalamennsku og hreindýraveiða.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest og prentuð út.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 17:00.